



**SSV**  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## **124. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 18. maí 2016 kl.10.30 að Fitjum í Skorradal.

Mætt voru; Kristín Björg Árnadóttir, Rakel Óskarsdóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Eyþór Garðarsson, Eggert Kjartansson, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Valgarður Jónsson, Ása Helgadóttir, Hilmar Hallvarðsson og Magnús Smári Snorrason. Ingveldur Guðmundsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri, og Hrefna B. Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir liðum þrjú og fjögur voru Kristján Guðmundsson og Ólafur Sveinsson.

### **1. Framlögð fundargerð frá 123 fundi stjórnar SSV.**

Formaður lagði fram fundargerð frá 123 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### **2. Almenningsamgöngur**

#### **a. Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV fyrstu fjóra mánuði ársins 2016.**

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir rekstur á leiðum SSV fyrstu fjóra mánuði ársins 2016. Samkvæmt yfirlitinu er halli á rekstrinum að upphæð 12.013.359 kr. Í kjölfarið urðu umræður um ástæður fyrir lækkandi farþegatekjum, en þær eru rúmlega 800 þúsundum lægri en á sama tíma árið 2015. Þar kom m.a. fram að farþegum á leið 57 fækkaði á árinu 2015, en á sama tíma var um 20% fjölgun á leiðum 58 og 82.

Þá kynnti framkvæmdastjóri umræður um breytingar á fargjaldakerfi sem hafa átt sér stað á vettvangi landshlutasamtakanna að frumkvæði Eyþings. Þessar breytingar myndu fela í sér einföldun á fargjaldakerfinu, auk þess sem lægstu fargjöldin myndu hækka. Fram kom að Strætó bs. er að fara yfir greiningu á hækkunum en nokkuð hátt hlutfall farþega er á afsláttargjaldi, sbr. börn, öryrkjar og aldraðir. Rætt var um að fá skýra framsetningu á þýðingu hækkana svo hægt verði að átta sig betur á mögulegum áhrifum breytinganna í heild og þýðingu þeirra á einstaka akstursleiðir.

#### **b. Framlögð svör Vegagerðinnar við umsóknum SSV um styrk vegna rekstrarvanda frá árinu 2012 og styrk vegna þróunar á nýjum akstursleiðum**

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu umsóknar SSV en 4,5 m.kr. var úthlutað til SSV, FV og SSVN vegna rekstrarvanda á almenningsamgangnakerfinu í Norðvesturkjördæmi, en uppsafnaður rekstrarhalli er um 11,5 m.kr. Vegagerðin hafði til umráða 50 m.kr. til úthlutunar til landshlutasamtakanna vegna þessa. Stjórn SSV bókaði eftirfarandi vegna úthlutunar Vegagerðarinnar:

*„Stjórn SSV lýsir yfir óánægju sinni með úthlutun Vegagerðarinnar til SSV, FV og SSVN vegna rekstrarvanda á rekstri almenningsgangna og niðurfellingar á endurgreiðslu olúgjaldsins og óskar eftir rökstuðningi vegna úthlutunarinnar.“*

SSV sótti einnig um styrk til að hefja akstur á nýrri akstursleið á sunnanverðu Snæfellsnesi yfir vetrartímann. Áætlaður kostnaður við verkefnið var 4,5 m.kr. og fékkst 2 m.kr. styrkur til verkefnisins. Vegagerðin hafði til umráða 25 m.kr. til að styðja við markaðs- og þróunarverkefni.

*Kristján Guðmundsson, Vesturlandsstofu og Ólafur Sveinsson, forstöðumaður atvinnuráðgjafar Vesturlands komu inn á fundinn.*

### **3. Vesturlandsstofa**

Kristján Guðmundsson fór yfir helstu verkefni Vesturlandsstofu sumarið 2016. Hann fór yfir útgáfumál og nefndi handbókina um Vesturland og borðkortið sem er mjög vinsælt og liggur frammi hjá flestum ferðapjónustuaðilum í landshlutanum. Heimasíðan west.is (vesturland.is) er alfarið í umsjón Vesturlandsstofu og mikið nýtt af ferðamönnum. Fleiri samfélagsmiðla nefndi hann eins og facebook og Instagram West Iceland sem notaðir eru til kynningarmála. Blaðamannaferðir eru reglulegar í starfseminni og skila landshlutanum góðri kynningu. Hann sagði sumar hverjar þessara ferða skila góðri umfjöllun í erlendum miðlum. Almennt er auglýsingakostnaður mjög hár en ein blaðamannaferð kostar lítið í samanburðinum þegar umfjöllunin skilar sér í miðla sem lesnir eru af milljónum manna.

Hann kynnti áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um eflingu ferðapjónustu, en Vesturlandsstofa stýrir verkefninu. Verkefnið byggir annars vegar á stefnumótun í ferðapjónustu fyrir Vesturland sem unnin verður í samráði við Ferðamálastofu og hefst væntanlega í haust. Hins vegar byggir það á átaksverkefni í markaðssetningu, sem nú þegar er farið af stað.

Styrkur hefur fengist frá Ferðamálastofu til fuglaskoðunarverkefnis og er það verkefni unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Endurskoðun stendur yfir á starfsemi upplýsingamiðstöðva í landshlutanum og er það unnið að frumkvæði Ferðamálastofu.

### **4. Atvinnuráðgjöf SSV**

Ólafur Sveinsson fór yfir helstu verkefni atvinnuráðgjafar SSV frá áramótum og þau verkefni sem framundan eru. Hann sagði atvinnuráðgjöfina hafa verið með 2,4 stöðugildi frá áramótum, en einn starfsmaður hefur verið í námsleyfi. Hann fór yfir aðkomu atvinnuráðgjafa að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands, en í því felst töluverð vinna. Þá fór hann yfir ýmis verkefni sem unnið hefur verið að, s.s. fjarskiptaverkefni, ýmis rannsóknarverkefni sem unnin hafa verið af Vífli Karlssyni hagfræðingi SSV og fleira. Hann nefndi að ánægjulegt væri að sjá verkefni, sem hafa fengið framlag frá Vaxtarsamningi eða Uppbyggingarsjóði væru að ná árangri. Loks nefndi Ólafur að fyrirhugað væri að heimsækja sveitarfélögin á Vesturlandi og ræða hlutverk atvinnuráðgjafar og kalla eftir viðhorfi þeirra til hennar. Í kjölfarið á kynningu Ólafs varð umræða um stefnumótun fyrir SSV sem og kynningarmál. Stjórnarmenn lýstu yfir áhuga sínum á því að ræða frekar stefnumótun fyrir SSV eftir sumarleyfi.

## **5. Málefni fatlaðra**

Lögð fram tillaga að erindisbréfi vinnuhóps um endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra. Þegar hefur verið kallað eftir tilnefningum sveitarfélaga í hópinn, en hann verður skipaður þremur fulltrúum.

Tillaga að erindisbréfi samþykkt.

## **6. Sóknaráætlun Vesturlands**

Framlagt minnisblað um framvindu áhersluverkefna sóknaráætlunar og úthlutanir Uppbyggingarsjóðs á árinu. Verkefni eru: Fjölgun iðnnema, Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaíðnaði, Mótun menningarstefnu fyrir Vesturland, Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi og Nýsköpun og frumkvöðlar.

Þá var lögð fram tillaga að skipan fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Vesturlands, en stjórn hefur áður samþykkt að fjölga þeim um 8. Stjórn samþykkti tillöguna og fól framkvæmdastjóra að ræða við þá einstaklinga sem þar eru nefndir.

## **7. Fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi**

Rætt um fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi til Noregs í apríl s.l. Þátttakendur létu í ljós ánægju með ferðina, en sautján sveitarstjórnar- og embættismenn voru saman komnir í ferðinni, allir frá Vesturlandi utan einn sem kom frá Innanríkisráðuneytinu.

Framkvæmdastjóra var falið að taka saman skýrslu um ferðina.

## **8. Haustþing SSV 2016**

Lögð fram drög að dagskrá fyrir haustþing SSV árið 2016. Haustþingið verður haldið 4. og 5. október n.k. í Grundarfirði. Tillaga kom upp um að þema fundarins verði á sviði atvinnumála og ferðaþjónustu.

## **9. Samgönguáætlun Vesturlands**

Lagðar voru fram fundargerðir frá fyrstu tveimur fundum vinnuhóps um samgönguáætlun Vesturlands. Framkvæmdastjóri fór yfir fundargerðirnar ásamt Eyþóri Garðarsyni stjórnarmanni sem jafnframt er fulltrúi í vinnuhópnum.

Lagt fram erindi frá Lex ehf. og GAMMA Management ehf. sem hafa haft til skoðunar hvort rétt sé að Sundabraut verði lögð í einkaframkvæmd. Samþykkt að fela vinnuhópi um samgönguáætlun að funda með fulltrúum Lex og Gamma.

## **10. Umræða um sveitarstjórnarmál á Vesturlandi**

Stjórnarmenn gerðu grein fyrir þeim málum sem efst eru á baugi í sveitarfélögum á Vesturlandi.

Í kynningunni kom fram að verkefni sveitarfélaga á Vesturlandi eru fjölbreytt. Almennt virðist rekstur þeirra hafa gengið vel á árinu 2015 og víða eru ýmsar framkvæmdir í farvatninu á árinu 2016 og bjartsýni ríkjandi. Uppbygging innan ferðaþjónustu er víða mjög mikil. Einnig er ljóst að huga þarf að uppbyggingu innviða í landshlutanum og það á bæði við um vegakerfið og fjarskipti.

## **11. Framlögð mál**

### **a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.**

Lagt fram.

### **b. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um uppbyggingu innviða í tengslum við aukna ferðaþjónustu.**

Framkvæmdstjóri kynnti að Margrét Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafi hafi verið skipuð tengiliður SSV við þetta verkefni.

Að loknum fundi var snæddur léttur hádegisverður að Fitjum. Hulda Guðmundsdóttir var með kynningu á verkefnum sem unnin eru í Fram-Skorradal. Einnig sýndi hún hópnum staðinn.

Næsti fundur er áætlaður 24. ágúst. Rætt um fyrirkomulag hans m.t.t. stefnumótunarvinnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40

HBJ